

**3388. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
31. október 2019 og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Raket Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023**

Fjárhagsáætlun 2020 (2021-2023).

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri, Jóhann Þórðarson endurskoðandi og Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

*Farið var yfir fyrirbyggjandi forsendur fjárhagsáætlunar, þær greiningar sem liggja fyrir, fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun, útkomuspá ársins 2019 o.fl.*

*Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarráði Akraneskaupstaðar leggur fram eftirfarandi tillögu:*

*Sjálfstæðisflokkurinn á Akranesi leggur fram þá tillögu í fjárhagsáætlunargerð Akraneskaupstaðar fyrir árið 2020 að fasteignaskattur C, þ.e. fasteignaskattur sem lagður er á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði sem ekki fellur undir A- og B- skatt, fari niður í 1,400 prósentustig af fasteignamati atvinnuhúsnæðis. Árið 2019 var álagningaprósentan 1,5804 en tillaga Sjálfstæðisflokksins hefur í för með sér lækkun álagningarprósentu um 11,4% milli árána 2019-2020. Breytingar á beinum tekjustofni Akraneskaupstaðar við þessa tillögu út frá núverandi forsendum mynda lækkun um 18,5 milljónir króna. Þeirri lækkun yrði mætt með tilfærslu verkefna í fjárfestingum og framkvæmdum sem og með sölu eigna sem leiðir til minni útgjalda á viðhaldsliðum.*

*Raket Óskarsdóttir (sign)*

*Fulltrúar Samfylkingar og Framsóknar og frjálsra taka jákvætt í hugmyndina en afgreiðslunni frestað.*

*Fjárhagsáætlunarvinnunni verður framhaldið á aukafundi bæjarráðs næstkomandi þriðjudag þann 5. nóvember kl. 15:00. Jafnframt var ákveðið að næsti reglulegi bæjarráðsfundur verði miðvikudaginn 13. nóvember næstkomandi kl. 16:15 í stað fimmtudagins 14. nóvember kl. 08:15.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:55.**

*Elsa Lára Arnardóttir .*  
*Valgarður L. Jónsson*  
*Raket Óskarsdóttir*  
*Sævar Freyr Þránínsson*  
*Steinar Dagur Adolfsson*